



Bréf þetta er ritað til sveitarstjórnar og sveitarstjóra Djúpavogshrepps. Afrit fær sveitarstjórn Breiðdalshrepps, framkvæmdastjóri SSA, og Einar Þorvarðarson umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Reyðarfirði.

Breiðdalsvík, 2. janúar 2009

Kæru félagar á Djúpavogi,

Eftir ábendingu frá fv. oddvita Breiðdalshrepps hef ég skoðað bókun ykkar á sveitarstjórnarfundi þann 29. desember sl. varðandi snjómokstur á Axarvegi. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með þá afstöðu sem þar kemur fram.

Undirritaður hefur góðan skilning á því að sveitarstjórnamenn á Djúpavogi reyni að knýja á samgöngubætur á Axarvegi, enda virðist þeim hafa orðið nokkuð ágengt í þeim efnum á sl. árum. Hins vegar er það **vægast sagt sorglegt** að tekin hafi verið upp sú afstaða að vinna að aukinni vetrarþjónustu sér til handa á Axarvegi með því að benda á, að einfaldast sé að skerða þá þjónustu sem nágrannasamfélag hefur í dag.

Vissulega njóta Breiðdælingar sem og aðrir sem leið eiga austur á firði, þeirra samgöngubóta sem urðu með tilkomu Fáskrúðsfjarðaganga, en þegar Breiðdælingar eiga leið upp á hérað þá nýta menn sér frekar leiðina yfir Breiðdalsheiði. Ástaðan er m.a. sú að leiðin er amk. 10 km styttri og í vetrarfærð er það þekkt að veðurfarið á Breiðdalsheiði er oft allt annað en á Fagradal.

Jafnframt má nefna að vegna þess hve Breiðdalsheiði er stuttur fjallvegur, er það mat undirritaðs (m.a. eftir samtöl við þá sem séð hafa um snjómokstur þar) að ekki er hægt að bera saman mokstur á Breiðdalsheiði og Öxi. Há heiðin sjálf er einungis um 600 metra löng og sá kafli á henni sem þjónustaður hefur verið er innan við 4 km. langur. Sambærilegur kafli á Axarvegi mun vera um 14 km. langur. Af því leiðir að engan veginn er hægt að leggja til jafns einn mokstursdag á Breiðdalsheiði við einn dag á Öxi.

Einnig er rétt að leiðrétta þann misskilning sem er í bókun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að mokstursdagar á Breiðdalsheiði eru í dag fjórir, en ekki fimm. Sú þjónusta er m.a. til komin eftir áratuga baráttu Breiðdælinga. Samfélagið í Breiðdal hefur átt í vök að verjast á sl. árum, og þurft að berjast fyrir því að halda þeirri litlu þjónustu sem það þó hefur.

**Kæru nágrannar, ég hvet ykkur til þess að endurskoða þessa afstöðu ykkar og berjast fyrir aukinni þjónustu á eigin forsendum, en ekki á kostnað annarra.**

Með nýárskveðju,

Páll Baldursson

Sveitarstjóri Breiðdalshrepps

Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík

s: 4 705 561 / f: 4 756 758 / g: 896-6716

[palli@breiddalur.is](mailto:palli@breiddalur.is) / [www.breiddalur.is](http://www.breiddalur.is)